

## Ágríp

Verkefni þetta fjallar um námsmat, námsmatsleiðir og almennt um námsmat í grunnskólum. Megintilgangur minn með þessu verkefni er að vekja athygli á fjölbreyttum leiðum námsmats sem nýtast í einstaklingsmiðuðu námi í grunnskólum. Einnig bendi ég á mikilvægi þess að námsmat nýtist nemendum, foreldrum, forráðamönnum og kennurum til áframhaldandi vinnu og gefi sem gleggsta mynd af stöðu nemenda á hverjum tíma. Mikilvægt er að námsmat sé uppbyggjandi, það sýni þá þætti sem nemandi er sterkur í og hvað hann þarf að bæta. Með breyttum kennsluháttum þar sem einstaklingsmiðun í námi er í forgrunni, þarf að sníða námsmatið að hverjum og einum nemanda líkt og kennsluna.

Fjallað er um hugtökin leiðsagnamat, frammistöðumat og lokamat. Einnig kynnumst við nokkrum námsmatsleiðum sem henta vel í einstaklingsmiðuðu námi og nokkrum birtingarformum námsmats. Nokkur sýnishorn af matseyðublöðum eru í fylgiskjölum.

## *Formáli*

Þetta verkefni er lokaverkefni mitt við kennarabraut Kennaraháskóla Íslands. Það er um námsmat og námsmatsleiðir þar sem einstaklingsmiðaðir kennsluhættir eru notaðir í grunnskólum. Ég fjalla um tilgang námsmats fyrir nemendur, kennara, foreldra/forráðamenn og skólastjórnendur. Einnig bendi ég á nokkrar námsmatsleiðir sem nýtast grunnskólakennurum við námsmat í einstaklingsmiðuðu námi.

Leiðsögukenndari minn var Jóhanna Karlsdóttir lektor við Kennaraháskóla Íslands. Henni þakka ég góðar ábendingar og gott samstarf.

## Efnisyfirlit

	Inngangur.....	4
1.	Námsmat.....	6
1.1.	Hvað er námsmat?.....	6
1.2.	Hver er tilgangur námsmats?.....	7
1.3.	Námsmat í einstaklingsmiðuðu námi.....	10
1.4.	Markmiðssetning.....	11
1.5.	Réttmæti og áreiðanleiki.....	12
1.6.	Samantekt.....	13
2.	Eðli námsmats og tilgangur þess.....	14
2.1.	Leiðsagnamat (formative assessment).....	14
2.2.	Frammistöðumat (performance / authentic assessment).....	15
2.3.	Lokamat (summative assessment) .....	16
3.	Aðferðir við námsmat.....	17
3.1.	Sýningar – uppskeruhátíðir.....	17
3.2.	Möppumat.....	18
3.3.	Marklistar (rubrics).....	19
3.4.	Gátlistar.....	20
3.5.	Sjálfsmat.....	21
3.6.	Jafningjamat.....	22
3.7.	Próf og kannanir.....	23
3.8.	Samantekt.....	25
4.	Birtingarform námsmats.....	26
4.1.	Námsmat til nemenda, foreldra / forráðamanna.....	26
4.2.	Námsmat fyrir kennara, skólastjórnendur og framhaldsskóla.....	27
4.3.	Umsagnir.....	28
4.4.	Tillaga að stafaekinn.....	29
4.5.	Af hverju að gefa einkunn?.....	29
4.6.	Samantekt.....	31
	Lokaorð.....	32
	Heimildaskrá.....	33
	Fylgiskjöl.....	36

## *Inngangur*

Einstaklingsmiðun og fjölbreytni í skólastarfi er nauðsynleg til þess að ná til sem flestra nemenda. Þetta er ekki einfalt því einstaklingsmiðun þýðir að nemendur eru á mismunandi stöðum í námi og þeir vinna á sínum hraða, það leiðir til þess að námsmatsleiðirnar þurfa líka að vera fjölbreyttar líkt og kennslan.

Fjölbreytni í námsmati er nauðsynleg þegar horft er til þess hve ólíkir nemendur eru hvað varðar getu, áhugasvið og þroska. „Stundum eiga tvö börn það eitt sameignlegt að vera börn“ (Tomlinson 2001:1). Þessi setning bandaríska kennarans og kennslufræðingsins Carol Ann Tomlinson er mjög umhugsunarverð að mínu mati og geng ég út frá henni í umfjöllun minni um fjölbreytt námsmat.

Þar sem einstaklingsmiðaðir kennsluhættir eru viðhafðir er hver og einn einstaklingur með námsefni við sitt hæfi, ekki of létt og ekki of þungt. Hver og einn vinnur á sínum hraða og á sínum forsendum. Ekki er forsvaranlegt að hafa einstaklingsmiðað nám og einungis hópviðmiðun í námsmati, þ.e. að nemendur fái einkunn út frá stöðu sinni gagnvart hópnum. Námsmatið þarf einnig að vera markviðmiðað þ.e. að horft er á framfarir hvers og eins einstaklings út frá hans forsendum og markmiðum. Námsmat þarf að vera í samræmi við þau námsmarkmið sem sett eru með kennslunni fyrir hvern og einn einstakling og taka til fjölbreyttra þátta kennslunnar. Kennari fær innsýn í hvað virkar fyrir hvern og einn nemanda í samstarfi sínu við þá, með umræðum, vinnu, eftirtekt og í formlegu námsmati. Þessa vitneskju sína notar hann svo til þess að hjálpa þeim til að gera sem mest úr möguleikum og hæfileikum hvers og eins.

Námsmatið þarf að taka til þátta eins og færni, skilnings, þekkingar, félagsþroska, virkni og hegðunar. Einnig þarf námsmatið, hvort sem um ræðir frammistöðumat eða lokamat að skila sér til foreldra og forráðamanna. Það þarf að vera lýsandi fyrir þá og nemendur og einnig þurfa að fylgja leiðbeiningar sem gagnast nemandanum til áframhaldandi náms.

Megintilgangurinn með þessu verkefni er að vekja athygli á mikilvægi þess að nota fjölbreyttar námsmatsaðferðir þar sem einstaklingsmiðaðir kennsluhættir eru viðhafðir í skólum og kynna námsmatsaðferðir sem henta vel í þessu sambandi.

Í fyrsta kafla fjalla ég um hugtakið námsmat og skoða hvers vegna verið er að meta vinnu nemenda. Þegar markmið eru sett í skólastarfi þarf líka að huga að námsmati, þetta eru tveir órjúfanlegir þættir kennslunnar. Einnig þarf að huga að áreiðanleika og réttmæti í námsmati. Í öðrum kafla fjalla ég um skilgreiningar á nokkrum hugtökum sem fræðimönnum eru ofarlega í huga um þessar mundir, leiðsagnamat, frammistöðumat og lokamat, hvað einkennir hvert og eitt þeirra og í hvaða tilgangi matið er notað. Margar mismunandi aðferðir eru til við námsmat og fjalla ég um nokkrar þeirra í kafla þrjú. Ég beini sjónum mínum að þeim aðferðum sem nýtast vel í einstaklingsmiðuðu námi þar sem kennarinn þarf að hafa góða yfirsýn yfir alla nemendur sína. Að lokum, í kafla fjögur, fjalla ég um birtingu námsmats, fyrir hverja er það og hvaða tegundir birtinga eru helst notaðar. Í lok kafla eitt, þrjú og fjögur máta ég umfjöllunina við mínar tillögur og reynslu í stuttri samantekt.

## 1. Námsmat

### 1.1. Hvað er námsmat?

Námsmat er þegar gengið er úr skugga um hvort markmið með kennslu hafi náðst og hvort nemendur hafi lært það sem lagt var upp með. Kennari þarf að vera með það á hreinu hvað hann ætlar að meta og af hverju, þess vegna verða markmiðin og námsmatið alltaf að vera hluti af kennslunni. Þegar ákveðið hefur verið hvaða þætti á að meta og hver tilgangur matsins er, þarf að huga að því hvaða kennsluaðferðir tryggja sem bestan árangur (Moyley 2002:205).

Í námsmati felast þær aðferðir sem kennari notar til þess að upplýsa nemendur, foreldra/forráðamenn, kennara sem kunna að taka við nemendum á næsta tímabili og skólastjórnendur um stöðu og árangur í námi. Það námsmat sem kennari gerir í lok tímabils kallast lokamat. Einnig er námsmat markvisst notað á kennslutímabilinu til að leiðbeina nemendum um hvernig þeir geta bætt árangur sinn, í þeim tilvikum er talað um leiðsagnamat og frammistöðumat.

Hvernig getum við á sem árangursríkastan hátt hjálpað nemendum við námið? Þetta er spurning sem sífellt brennur á kennurum. Auðvitað spila þarna margir þættir inni eins og námsumhverfi og kennsluaðferðir. Á sama tíma og kennarar skipuleggja kennslu og skólastarf, verða þeir einnig að huga að námsmatinu, hvaða þætti ætla þeir að meta og með hvaða hætti. Þegar ákveðið er í byrjun hvernig haga skal námsmatinu verður kennslan áhrifaríkari og meira nám fer fram. Það eru sterk tengsl á milli góðra námsmarkmiða og námsafraksturs nemenda (Gronlund 2003:3).

Með breyttum kennsluháttum í tengslum við einstaklingsmiðun er flestum orðið það ljóst að ein og sama námskráin hentar ekki öllum nemendum, heldur er hún til viðmiðunar. Hver og einn nemandi er sérstakur og byggja þarf á reynslu og

þekkingu hvers og eins. Í skólum þar sem einstaklingsmiðaðir kennsluhættir eru í fyrirrúmi þarf að þróa aðferðir til að hlúa að styrkleikum, áhugasviði og drifkrafti hvers og eins nemenda (Littky 2002:74).

Breytingar á kennsluháttum kalla á samhliða breytingar á aðferðum við námsmat. Kennarar sem styðjast við fjölgreindakenningu Gardners þurfa að nota mjög fjölbreyttar aðferðir við námsmat þar sem horft er á sterku hliðar hvers og eins nemanda. Farið er eftir þeim átta greindum sem Gardner segir okkur öll hafa, bara í mismiklum mæli. Kenningin leggur til að notað sé ákveðið kerfi við matið þar sem minna hvílir á formlegum, stöðluðum og hópviðmiðuðum prófum en meira á rauntengdu mati sem er markviðmiðað, afkasta- eða sjálfsviðmiðað, þ.e. miðað við nemandann sjálfan og frammistöðu hans (Armstrong 2000:100).

## *1.2. Hver er tilgangur námsmats?*

Í námsmati fellst að meta hvort nemendur náði þeim markmiðum sem lagt var upp með fyrir þá. Í einstaklingsmiðuðu námi er horft á framfarir einstaklinga miðað við ástundun, forsendur og getu þeirra.

Námsmat er ekki lengur eitthvað sem kemur upp í lok annar til að skera úr um hvort nemandi „náði“ ákveðnum námsmarkmiðum, heldur er námsmat hluti af skólastarfinu og miðar að því að aðstoða nemendur í að ná markmiðum sínum (Tomlinson 2001:4). Einnig getur tilgangur námsmats verið að gefa nemendum, foreldrum/forráðamönnum, kennurum sem kunna að taka við nemendum á næsta kennslutímabili og stjórnendum skólastofnanna sem gleggstar upplýsingar um árgangur nemenda. Námsmat hefur líka tilgang fyrir skólann sem stofnun og fyrir skólastjórnendur.

Námsmat miðar að því að efla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstökum nemendum eða hópum gengur að ná settum markmiðum. Megintilgangur námsmats er því sá að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja til að leggja sig enn betur fram (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2006:16).

Þegar verið er að þróa og skipuleggja námsmat þarf að huga að mörgum þáttum. Hér koma nokkrar lykilspurningar sem gott er að hafa í huga við þessa vinnu.

- Hvers vegna metum við?
- Hvað ætlum við að meta?
- Hver á að meta?
- Hvernig eigum við að meta?
- Hvenær?
- Hversu oft?
- Hvar?
- Hvernig nýtast niðurstöðurnar út matinu?

(Rowntree ártal ótilgr.)

Gott og vel hannað námsmat getur haft góð áhrif á námsframvindu nemenda ef það er notað markvisst í skólastarfinu. Árangursrík kennsla krefst þess af kennurum að kennslan, námið og námsmatið sé órjúfanleg heild og að aðalmarkmið námsmats sé að bæta námið, kennsluna og námsafrakstur nemenda (Gronlund 2003:3).

Niðurstöður góðs námsmats gefa nemendum, foreldrum, forráðamönnum og kennurum miklar upplýsingar um einstaklinginn sem nauðsynlegt er að byggja á, til dæmis hvað lærði nemandinn og hvað lærði hann ekki. Námsmatið kemur inn á



---

styrkleika hans og veikleika, innsæi og skilning á viðfangsefnum, hvaða kennsluaðferðir henta honum og hvaða áhugasvið hann hefur. Þessar upplýsingar er nauðsynlegt að nota til að nemandinn nái að dafna vel í áframhaldandi skólastarfi (Rowntree ártal ótilgr.).

Námsmat á að veita nemendum, foreldrum og forráðamönnum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2006:16).

Námsmat er til þess að fylgjast með framförum hvers og eins nemenda og til þess að gefa góða mynd af framförum þeirra í takt við námsmarkmið. Einnig til að fylgjast með hvernig nemendur standa sig í samanburði við aðra, til að skipuleggja kennslu, meta kennsluaðferðir og til að fylgjast með viðmiðum. Auk þess sem námsmat gagnast nemendum, kennurum, foreldrum/forráðamönnum þá gegnir það veigamiklu hlutverki fyrir nýjan kennara sem tekur við nemendum og einnig skólayfirvöldum í sjálfsmati og skipulagningu náms (Moyles 2002:213).

### *1.3. Námsmat í einstaklingsmiðuðu námi*

Margar skilgreiningar eru til á þessu hugtaki, einstaklingsmiðað nám. Í meginatriðum snýst það um að koma til móts við nemendur miðað við einstaklingsbundnar þarfir þeirra. Nemendur geta verið á ólíkum stað í námsefni, kafað misdjúpt í efnið, unnið á ólíkum tímum og ýmist einir eða í hóp. Þar sem áhersla er á einstaklingsmiðaða kennsluhætti er á sama tíma lögð áhersla á að nemendur beri

---

ábyrgð á sínu námi, skilji að þeir eru að læra fyrir sig, ekki aðra og að þeir séu virkir þátttakendur í skólastarfinu (Ingvar Sigurgeirsson ártal ótilgr.).

„Stundum eiga tvö börn það eitt sameignlegt að vera börn“ (Tomlinson 2001:1). Nemendur á sama aldri eru mjög ólíkir þegar kemur að námsgetu og hæfileikum á ýmsum sviðum, alveg eins og þeir hafa ólík áhugamál, persónuleika og eru ólíkir í útliti. Það eina sem við eigum öll sameiginlegt er að vera mannleg og það sem gerir okkur ólík gerir okkur að einstaklingum (Tomlinson 2001:1). Einstaklingar eru eins misjafnir og þeir eru margir, það er misjafnt hvernig þeir læra. Einum nægir að fá einföld fyrirmæli og aðrir þurfa meiri tilsögn og hjálp. Einum hentar að vinna í stórum hópum og öðrum hentar að vinna í smærri hópum og jafnvel einstaklingslega (Tomlinson 2001:5).

## *1. 4. Markmiðssetning*

Mikilvægt er að huga að markmiðssetningu og námsmati í byrjun kennslutímabils, það auðveldar skipulagið í kennslunni og hún verður markvissari. „Í upphafi skildi endinn skoða“ segir máltækið. Fyrst þarf kennarinn að taka mið af námskrám og taka út þá þætti sem ætlast er til að nemandi læri og tileinki sér á tímabilinu þ.e. hver er tilgangurinn með kennslunni. Næsta skref er að finna út hvaða viðfangsefni eru líklegust til að stuðla að árangri og hvernig best sé að skipuleggja þau. Að lokum þarf að meta hvaða aðferð er best til þess fallin að meta árangurinn (Ingvar Sigurgeirsson 1999:13).

Menntamálaráðuneytið gefur út Aðalnámskrá fyrir alla skóla í landinu. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2006) segir meðal annars.

Skýr markmið eru grundvallarþáttur skólastarfs. Markmið eru leiðarvísir í öllu skólastarfi og forsenda áætlanagerðar um nám og kennslu. Þau stýra kennslunni og námsmatinu og eru grundvöllur mats

---

á gæðum skólastarfs (Aðalnámsskrá grunnskóla: Almennur hluti 2006:11).

Aðalnámsskrá grunnskóla (2006) segir til um hvaða færni og þekkingu nemendur eiga að hafa tileinkað sér á ákveðnum aldri og hvernig þeir geta sem best búið sig undir að taka þátt í lýðræðislegu þjóðfélagi. Markmið Aðalnámsskrár eru sett fram í tveimur flokkum, áfangamarkmið sem eru sett fram í lok 4., 7. og 10. bekkjar. Þar eru tíunduð þau markmið sem nemendur eiga að kunna á þessum tímamótum og lokamarkmið sem gefa til kynna þau markmið sem stefnt er að nemendur hafi tileinkað sér við lok grunnskóla. Hver og einn skóli gefur svo út skólanámsskrá þar sem sérstaða hvers skóla er dregin fram, staðbundnar aðstæður til að efla nám og kennslu. Í skólanámsskrá á einnig að koma fram samsetning námshópa, bekkjarskipan, verklagsreglur skóla hvað varðar umgengni, aga, slysavarnir og heilsugæslu. Einnig kemur þar fram hvernig samstarfi við heimili nemenda, félög og fyrirtæki er háttað (Aðalnámsskrá grunnskóla: Almennur hluti 2006:11).

### *1.5. Réttmæti og áreiðanleiki*

Tveir mikilvægustu þættirnir í vel hönnuðu námsmati eru hvort það er réttmætt og áreiðanlegt. Mikilvægt er að þær aðferðir sem notaðar eru við námsmat mæli örugglega það sem þeim er ætlað að mæla, ef réttmætið er hátt er hægt að alhæfa um niðurstöðuna. Réttmæti vísar til þess að mikilvægt sé að próf mæli það sem því er ætlað að mæla og að dregnar séu ályktanir af niðurstöðum námsmatsins til að nýta í áframhaldandi vinnu, ekki einblína á hvaða einkunn nemandinn fékk. Áreiðandi er að skoða hvaða gildi niðurstöður námsmatsins hafa fyrir þann sem ætlar að vinna meira með það.

Áreiðanleikinn vísar til samræmis og stöðugleika í niðurstöðum námsmatsins. Próf er áreiðanlegt ef það sýnir sömu niðurstöðu ef annar kennari leggur það fyrir eða

---

ef nemendur væru prófaðir á öðrum tíma. Áreiðanleiki er forsenda réttmætis. Ef próf er ekki áreiðanlegt, getur það ekki verið réttmætt.

Það eru nokkrir þættir sem varða áreiðanleika og réttmæti sem gott er að hafa í huga þegar verið er að undirbúa próf og frammistöðumat.

Mikilvægt er að:

- Skilgreina vel námsmarkmið.
- Velja atriði til að meta sem eru skilgreind námsmarkmið.
- Velja verkefni sem eru í samræmi við þau námsmarkmið sem á að vinna með.
- Velja verkefni sem eru á réttu þyngdarstigi fyrir nemendur.
- Velja verkefni þar sem auðvelt er að greina hvort námsmarkmiðum hefur verið náð eða ekki.
- Hafa réttan fjölda verkefna til að mæla þá þætti sem þeim er ætlað að mæla og stuðla að réttri túlkun á niðurstöðum.
- Nota matsaðferð sem hentar viðfangsefninu og er einfalt í notkun.

(Gronlund 2003:23 - 26)

## 1.6. *Samantekt*

Tveir meginþættir námsmats eru annars vegar matið sem fer fram samhliða kennslunni til að styðja við nemendur í náminu og svo hins vegar lokamatið þar sem leitast er við að gefa sem gleggsta mynd af stöðu nemenda í lok tímabils. Mín tilfinning er sú að hið fyrrnefnda, matið í kennslustofunni sem fer fram með samskiptum, umræðum og endurgjöf kennara sé vanmetið. Það er námsmat þegar kennari hrósar nemendum þar sem það á við og gefur munnlegar leiðbeiningar um það sem betur má fara.

Markmiðssetning og námsmat er stór hluti af skólastarfinu. Skýr markmiðssetning í byrjun auðveldar kennurum mjög kennsluna og bætir hana. Í einstaklingsmiðuðu námi er mikilvægt að nota fjölbreyttar aðferðir við kennslu og námsmat til þess að ná til allra nemenda. Gátlistar og marklistar eru góð og nytsamleg tæki til að halda utan um námsárangur nemenda. Þeir auðvelda yfirsýn kennarans þar sem nemendur eru á misjöfnum stöðum í náminu.

Að námsmat sé réttmætt og áreiðanlegt er mjög mikilvægt fyrir alla sem koma að nemendum í einstaklingsmiðuðu námi. Að horfa á hvaða gildi niðurstöðurnar hafa fyrir áframhaldandi vinnu með nemendum. Mikilvægt er að tryggja sem best réttmæti og áreiðanleika í niðurstöðum námsmats með því að skilgreina vel námsmarkmiðin, finna viðeigandi aðferð við matið og skilgreina hvernig það á að fara fram. Einnig þarf að varast að taka of fáa eða of marga þætti inn í matið hverju sinni. Þar sem einstaklingsmiðað nám er viðhaft er ekki sjálfgefið að verið sé að meta sömu þætti hjá öllum nemendum. Kennari og nemendur geta verið að vinna með ólíka þætti í bóklegu námi eða í framkomu og hegðun.

## 2. Eðli námsmats og tilgangur þess

### 2.1. Leiðsagnamat (formative assessment)

Leiðsagnamat á sér stað í námi og kennslu. Matið fer fram í samstarfi kennara og nemenda, með umræðum þeirra á milli og við endurgjöf kennarans. Upplýsingar sem kennari fær nýtir hann til kennslu og stuðlar þannig að bættum árangri. Grundvallaratriði í leiðsagnamati er hversu nákvæmt það er, að nemandinn fái lýsandi endurgjöf á vinnu sína sem fyrst svo hann geti bætt sig. Virkrar þátttöku er krafist af nemanda með aðferðum eins og sjálfsmati og jafningjamati. Mikilvægt er að nemandi skilji örugglega til hvers er ætlast af honum, að hann þekki og skilji markmiðin sem sett eru með kennslunni. Leiðsagnamat miðast við að meta þekkingu nemenda og framfarir þeirra í námi. Tilgangurinn er að nota niðurstöðurnar til að breyta og þróa kennsluhætti til þess að koma til móts við þarfir nemenda. Ef nemandi nær ekki þeim atriðum sem verið er að vinna með er farið í greinandi mat. Tilgangurinn er að ganga úr skugga um hvort nemandinn á við námsörðugleika að etja svo hægt sé að koma til móts við þá strax (Gronlund 2003:7, Moyles 2002:205).

Í leiðsagnamati felst að kennarar sjá af námsframvindu nemenda hvernig best er að hjálpa þeim við að þróa eða bæta nám sitt, oftast með því að bregðast við munnlega eða skriflega (Rowntree án ártals).

## 2.2. *Frammistöðumat (performance assessment / authentic assessment)*

Frammistöðumat hefur það að leiðarljósi að hjálpa nemendum til að ná námsmarkmiðum sínum. Matið fer fram samhliða náminu í þeim tilgangi að nemandinn geti nýtt sér matið í áframhaldandi vinnu. Námsmatið verður að greina þarfir nemenda og hjálpa þeim að koma auga á þá þætti sem þeir þurfa að bæta sig í og stuðla þannig að framförum í námi þeirra (Gronlund 2003:117).

Frammistöðumat er líklegast til árangurs þegar markviss nálgun er notuð. Þetta matsform hentar vel í einstaklingsmiðuðu námi þar sem markmiðin með náminu geta verið mismunandi eftir einstaklingum, að setja raunsæ markmið fyrir hvern og einn nemanda. Hér koma nokkur atriði sem hafa ber í huga við skipulagningu frammistöðumats:

- Að skilgreina markmið með verkefninu.
- Að ákveða hvað á að meta.
- Að ákveða hvaða kröfur á að gera til nemenda.
- Að ákveða í hverju verkefnið er fólgið.
- Að ákveða hvaða aðferðir henta best við matið.

(Gronlund 2003:120)

Frammistöðumat hentar vel með einstaklingsmiðuðum kennsluháttum. Það er vel til þess fallið að kanna skilning nemenda á ákveðnum viðfangsefnum, þekkingaratriðum og hæfileikum. Matið hvetur nemendur til að setja sér markmið og gerir námið þýðingarmeira fyrir þá og býr þá undir raunveruleg verkefni í lífinu. Þar sem frammistöðumat er notað er mikilvægt að vinna námsmarkmið og námsmatið

---

saman þegar skólastarfið og kennslan er skipulögð í upphafi kennslutímabils (Gronlund 2003:118).

Í frammistöðumati felast bæði formlegar og óformlegar aðferðir við námsmat (Tomlinson og McTighe 2006:71). Eftir að hafa metið eigin kennslu byggða á greinandi mati og frammistöðumati kemur að lokum tímabilsins, annarinnar eða skólaársins. Á þeim tímapunkti er komið að mati á nemendum og taka þarf mið af áður ákveðnum markmiðum með kennslunni. Áherslan breytist hér úr mati, sem miðar að framförum nemenda, í lokamat hvers og eins einstaklings (Trice 2000:7).

### *2.3. Lokamat (summative assessment)*

Þegar lokamati er beitt, er námsleg staða nemenda könnuð við lok fyrirfram ákveðins tímabils. Lokamatið er sýnilegasta matið og það sem fær mesta athyglina hjá foreldrum og forráðamönnum, þar sem það sýnir lokaafkasturinn og fer á einkunnablaðið (Tomlinson 2006:71, Rowntree 1977:111).

Tilgangurinn með lokamati er að sýna námsstöðu nemenda við lok tímabils. Það getur verið við lok þemaverkefni, annar, námsárs eða við lok skólagöngu. Mat þetta er heildarmat sem inniheldur bæði próf og frammistöðumat í einni einkunn (Gronlund 2003:8). Segja má að lokamat sé til þess að taka saman þekkingu, leikni og kunnáttu á þeim námsmarkmiðum sem farið hefur verið í. Niðurstöðum er oftast þjappað saman og lagðar fram í stöðu eða einkunn. Helstu aðferðir sem notaðar eru í lokamati eru kannanir, mat á ákveðinni frammistöðu, lokapróf og möppumat (Tomlinson 2006:71).



### 3. *Aðferðir við námsmat*

Hér fjalla ég um nokkrar námsmatsaðferðir sem falla vel að einstaklingsmiðuðum kennsluháttum. Í kaflanum bendi ég á nokkur sýnishorn af matseyðublöðum sem eru í fylgiskjölum og nýtast við námsmat.

#### 3.1. *Sýningar – uppskeruhátíðir*

Sem námsmatsleið í lok þemaverkefna er tilvalið að halda sýningu á verkum nemenda fyrir aðra nemendur skólans, foreldra eða aðra aðstandendur. Tilgangur sýninga er að sýningagestir meti verk nemenda. Nemendum gefst kostur á að útskýra verkefni sín og vinnuna á bakvið þau og einnig að taka á móti leiðbeinandi umsögn frá viðmælendum sínum (Árdís Ívarsdóttir og fl. 2005:88).

Sýningar á verkum nemenda gefa kennurum, foreldrum og forráðamönnum innsýn í þekkingu þeirra. Foreldrar sem sækja sýningar nemenda sjá hvað þeir eru að gera í skólanum. Það skapar umræðugrundvöll sem nemendur læra heilmikið af. Einnig er algengt að nemendur flytji efni fyrir gesti á sýningum, allt frá stutt upplestri upp í efnismeiri leikrit. Mikilvægt er að starfsfólk skóla þar sem sýningar af þessu tagi eru haldnar sé meðvitað um tilgang þeirra, þ.e. að stuðla að grósku í skólastarfinu, ekki að flokka nemendur eins og próf gera. Á sýningu af verkum nemenda eru allir jafnir, allir verða eiga eitthvað til að sýna og gæta þarf jafnræðis (Littky 2002:162).

Skólar sem nota sýningar á verkum nemenda sem leið í námsmati verða að sjá til þess að öllum, nemendum, starfsfólki og foreldrum sé ljós tilgangur þeirra. Einnig

þarf að gera sem mest úr sýningunni og nota hana til að byggja upp tengsl á milli samfélagsins og skólans (Littky 2002:165).

Þegar foreldrum eða nemendum skóla er boðið á sýningu þar sem verk nemenda eru til sýnis eða flutningur á ákveðnu efni fer fram, er hægt að fá þá til að taka þátt í námsmatinu. Þá geta kennarar útbúið matseyðublað sem hentar hverri sýningu.

Sjá dæmi um matseyðublað fyrir framsögn.

*Fylgiskjal númer 1, einkunnaskjal, mat á framsögn nemenda á sýningu.*

### 3.2. Möppumat

Möppumat er safn með verkum nemenda sem hefur verið safnað skipulega til að sýna námsferil og framvindu í námi til styttri tíma (developmental portfolio) eða til að sýna bestu verk nemenda yfir lengri tíma (Showcase portfolio). Þetta námsmatsform hentar vel í einstaklingsmiðuðu námi þar sem kennarar og nemendur sjá þróunina hjá hverjum og einum í gegnum verkefni. Möppumat hefur marga kosti við mat á verkum nemenda, það gefur góða yfirsýn yfir ákveðið tímabil. (Gronlund 2003:157).

Hér koma nokkur atriði sem gott er að hafa í huga við skipulagningu möppumats:

- Í byrjun þarf að skilgreina tilgang möppunnar.
- Ákveða þarf hvað á að setja í möppuna og hvenær.
- Ákveða þarf hvenær á að skoða og meta möppuna.
- Aðstoða nemendur við val verkefnum og hvetja þá til að nota möppuna.
- Meta þarf möppuna í lokin.

(Gronlund 2003:159)

Framför á ákveðnum tíma sést vel í verkum nemenda í möppumati, til dæmis í ritun, hugsun og rannsóknarhæfileikum. Einnig er hægt að velja úr besta verk nemenda, bera saman verkefni og nota sem hvatningu og hrós við nemendur. Hæfileikar nemenda til sjálfsmats eflast við að velja besta verkið sitt úr safninu auk þess sem samvinna nemenda og kennara verður meiri í sameiginlegu námsmati (Gronlund 2003:158).

Möppumat hentar mjög vel til námsmats í einstaklingsmiðuðu námi, bæði í bóklegum og verklegum greinum. Í lestrarkennslu sem byggist á sundurgreinandi lestrarkennsluaðferðum er mikil áhersla lögð á ritunarferlið (Bryndís Gunnarsdóttir og fl. 1993:118). Möppumat hentar mjög vel við að meta framfarir nemenda í ritun, bæði í sjálfsmati og jafningjamati. Nemendur velja sér verkefni með reglulegu millibili til að setja í möppuna, einnig er hægt að setja alla ritun í möppuna, fletta henni svo þegar nokkur sýnishorn eru komin og ræða um þróunina á nokkrum þáttum svo sem í ritun, skrift eða frágangi.

### 3.3. *Marklistar (rubrics)*

Mörg heiti eru til á íslensku um þessa tegund námsmatstækis, orð eins og matskvarðar, sóknarkvarðar og matslistar eru algeng. Á marklista eru þau námsmarkmið sem nemendur eru að læra og kennarar nota listann til að merkja við og meta frammistöðu nemenda. Marklistar henta mjög vel í einstaklingsmiðuðu námi þar sem nemendur eru á misjöfnum stað í náminu og hver og einn vinnur á sínum hraða. Notkun á marklista auðveldar kennurum yfirsýn yfir nemendahópinn. Marklistar geta bæði verið þannig að einfaldlega er merkt við hvort nemendur hafi náð markmiðunum eða ekki eða gefa til kynna hversu vel viðfangsefnið var unnið (Tomlinson og McTighe 2006:21).

Samkvæmt Gronlund (2003) eru marklistar með kvarða þar sem gefin er einkunn í orðum fyrir hvert og eitt atriði og þau tekin saman í lok matsins. Kvarðinn á

marklistanum getur verið margskonar eftir því hvað hentar viðfangsefninu. Við mat á ritun í yngri barna kennslu er hægt að nota marklista til þess að meta hvort nemendur hafi lært og náð tókum á ákveðnum þáttum ritunar. Marklistinn gæti verið með þessum þremur flokkum:

- Kann / getur
- Er að tileinka sér
- Kann ekki / getur ekki

Sjá dæmi um marklista sem merkja má við mat á ritun í yngri barna kennslu.

*Fylgiskjal númer 2, ritun í yngri barna kennslu.*

Einnig geta orðin tilgreint gæði frammistöðunnar:

- Frammúrskarandi.
- Fyrir ofan meðallag.
- Í meðallagi.
- Fyrir neðan meðallag.

(Gronlund 2003:133)

Vinnsla marklista í frammistöðumati felur í sér eftirfarandi atriði:

- Að taka saman þau atriði sem á að meta.
- Ákveða fjölda matsatriða og skilgreina hvert og eitt.
- Raða matsatriðunum á matskvarðann í rökrétta röð.
- Útbúa leiðbeiningar fyrir þann sem metur um það hvernig á að nota kvarðann.
- Hafa pláss fyrir athugasemdir, ef þarf, fyrir greiningar eða kennsluatriði.

(Gronlund 2003:134)

### 3.4. Gátlistar

Gátlisti er listi með atriðum sem eru mælanleg. Gátlistar henta vel í skólastarfi þar sem meta á frammistöðu nemenda á einhvern hátt, til að meta gæði verkefna eða til að halda utan um skil á þeim, svo eitthvað sé nefnt. Á listunum er merkt við lokið eða ólokið / já eða nei. Vinnsla gátlista í frammistöðumati felur í sér eftirfarandi atriði:

- Að taka saman þau atriði sem á að meta.
- Að taka saman nokkur atriði til að meta laka frammistöðu.
- Raða atriðunum upp í rökrétta röð.
- Útbúa leiðbeiningar og reiti til að fylgjast með hverjum þætti.
- Hafa pláss neðst á blaðinu fyrir athugasemdir, ef þarf.

(Gronlund 2003:132)

Sjá dæmi um gátlista til að meta skólafærni nemenda.

*Fylgiskjal númer 3, gátlisti - skólafærni*

### 3.5. Sjálfsmat

Sjálfsmat kallar fram viðbrögð frá nemendunum sjálfum við eigin verkum og hjálpar þeim og kennurunum við að setja einstaklingsmiðuð markmið. Ein besta leiðin við sjálfsmat er að bera saman fyrsta og síðasta verkefni eða mat á ákveðnu tímabili. Tímabilin geta verið við lok ákveðins verkefnis, mánaðar, annar eða skólaárs. Nemendur eiga svo að greina og sjá hvar þeir hafa bætt sig. Gott er að nota hjálpartæki eins og gátlista til þess að bera saman sitt verkefni við rétt leyst verkefni

---

þar sem það á við. Einnig er mjög gott að nemendur noti ritun við sjálfsmat. Þeir skrifa hjá sér hvað þeir lærðu, skildu ekki, hvort eitthvað kom þeim á óvart eða jafnvel minnti þá á eitthvað sérstakt (Wormeli 2006:51).

Öll kennsla ætti að miða að því að hjálpa hverjum og einum nemanda betur til að skilja sjálfan sig svo hann geti tekið réttar ákvarðanir sem henta honum. Reglulegt og stöðugt mat og viðbrögð nemenda við niðurstöðum þess, getur veitt þeim innsýn í hvað það er sem þeir vilja gera vel og einnig læra þeir hverjar eru þeirra sterku og veiku hliðar.

Sjálfsmat getur farið fram með margskonar hætti. Nemendur geta haldið dagbók eða leiðarabók, tekið viðhorfskönnun varðandi skólastarfið eða ákveðna námsgrein. Með viðtölum við nemendur er rætt hvernig tekist hefur til og þeir hvattir til að leggja mat á námið (Ingvar Sigurgeirsson 1998).

Með sjálfsmati meta nemendur hvort þeir hafi náð þeim markmiðum sem lagt var upp með, þannig sjá þeir betur til hvers er ætlast af þeim í náminu. Þegar nemendur taka þátt í að meta sig og verkefni sín í fullri alvöru eykur það sjálfsvitund þeirra og hefur þannig sterkt uppeldisgildi (Ingvar Sigurgeirsson 1998). Þar sem nemendur fá tækifæri til að meta sig og vinnu sína reglulega er stuðlað að því að þeir taki aukna ábyrgð á eigin námi, þeir verða meira sjálfbjarga og koma auga á hvað gera skuli næst í stað þess að kalla eftir aðstoð. Nemendur læra að það er í lagi að hafa ekki alltaf rétt fyrir sér, verða jákvæðari gagnvart sjálfum sér, samnemendum sínum og umhverfinu (Wilson 2005).

Sjá dæmi um sjálfsmatsblað þar sem nemendur meta frammistöðu sína í lok tímabils.

*Fylgiskjal númer 4, sjálfsmat fyrir yngri barna kennslu,- mat í lok tímabils.*

### 3.6. *Jafningjamat*

Líkt og sjálfsmatið krefst jafningjamatið þátttöku nemenda. Nemendur taka þátt í að meta vinnu samnemenda sinna. Nemendur taka gagnrýni frjálstegar þegar hún kemur frá jafnöldrum og þeir nota sín orð þegar þeir gagnrýna, ekki skólamál. Kostir mats af þessu tagi eru að nemendur fá endurgjöf á vinnu sína frá jafningjum og eru líklegri til að taka hana til sín, vinna með hana og bæta sig. Mikilvægt er að kröfur séu sanngjarnar. Nemendur þurfa markvissa þjálfun í þessum vinnubrögðum, það lærist á nokkrum vikum (Rowntree ártal ótilgr.).

Þegar nota á jafningjamat er mikilvægt að para saman nemendur sem hafa svipaða getu og eru á svipuðum stað í námi. Þar sem einstaklingsmiðað nám er viðhaft og hver og einn nemandi er með námsefni við sitt hæfi, ekki of létt eða of þungt, er oft mikill getumunur á nemendum. Ef paraðir eru saman nemendur þar sem mikið ber á milli í námsgetu getur það valdið niðurbroti í stað þess að viðkomandi taki til sín leiðbeiningar um það sem betur má fara. Mikilvægt er að nemendur byrji á því jákvæða og nefni svo eitthvað sem betur má fara að þeirra mati, nemendur ræða svo saman um matið (Clarke 2005:120).

Sjá dæmi um matseyðublað í jafningjamati.

*Fylgiskjal númer 5, jafningjamat.*

### 3.7. *Próf og kannanir*

Próf er ein algengasta aðferðin við námsmat. Próf geta verið skrifleg, munnleg eða verkleg, geta verið hefðbundin skólapróf en einnig eru til svokölluð heimapróf þar sem nemendur fá sólarhring eða jafnvel meira til að vinna það (Árdís Ívarsdóttir og fl. 2005:91).

---

Ekki er langt síðan próf voru talin sanngjörntust alls námsmats vegna þess að allir fengu sama námsefnið og allir tóku sama prófið. En það var aldrei eins sanngjarnt og virtist á þeim tíma, við erum öll svo ólíkir einstaklingar og margir finna fyrir mikilli pressu í prófum. Frammistaða nemenda á prófi samsvarar ekki getu þeirra í raunverulegum aðstæðum í lífinu. Auðvitað kemur það fyrir í raunveruleikanum að fólk þarf að vinna undir álagi og pressu þannig að þetta er námsmatsform sem á alveg rétt á sér, ef það er hluti af fjölbreyttum námsmatsaðferðum (Rowntree ártal ótilgr.).

Í fjölgreindakenningu Howards Gardners segir að til séu að minnsta kosti átta greindir sem við einstaklingarnir erum missterk í, þar ráða bæði erfðir og umhverfi um. Greindirnar eru málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og náttúrugreind. Þessar greindir tengjast allar að einhverju leyti og því þarf að skipuleggja allt nám á heildstæðan hátt. Í stöðluðum prófum er ætlast til að allir sitji hljóðir við borð og leysi próf á tilteknum tíma og þegi á meðan. Þetta er miklum annmörkum háð, þessi aðferð hentar svo fáum nemendum til að sýna og gera sitt besta (Armstrong 2000:105). Í prófalausnum reynir oft á röksemdafærslu og þrautalausnir frekar en einungis að kalla fram þekkingu úr minni (Gronlund 2003:44).

Það ætti aldrei að taka ákvörðun um getu nemenda á grundvelli eins prófs, taka þarf fleiri þætti þar inní. Flest próf byggjast á því að finna veikleika nemenda fremur en styrkleika (Salinger 2003: 392).

Próf sem taka mið af bekkjarstarfi hafa marga kosti fram yfir stöðluð próf, þau byggjast á verkefnum sem eru í samræmi við dagleg vinnubrögð nemenda, þau gefa yfirsýn yfir vinnu nemenda og kennari getur nýtt sér niðurstöðurnar til að koma til móts við þarfir þeirra. Helsti ókostur þessara prófa er að þau eru örugglega misjafnalega áreiðanleg og réttmæt. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar í þessu sambandi (Salinger 2003:294).

Forpróf eru til að meta stöðu nemenda áður en ákveðið er hvernig kennslu skuli háttað og hvernig námið verði skipulagt fyrir hvern og einn. Þegar forpróf eru notuð reglulega nýtast þau við gerð áætlana og þá verða náms- og kennsluáætlanir miklu markvissari en ella (Árdís Ívarsdóttir og fl. 2005:92).



### 3.8. *Samantekt*

Námsmat á að spila stórt hlutverk í skólastarfi samkvæmt stefnu stjórnvalda sem kemur skýrt fram í Aðalnámskrá grunnskólanna (2006).

Í fjölbreyttu námsmati eru notaðar ýmsar aðferðir sem auðvelda kennurum að halda utan um verkefni nemenda og hafa góða yfirsýn yfir stöðu þeirra. Í þessum kafla var fjallað um nokkrar þessara aðferða sem nýtast vel í einstaklingsmiðuðu námi. Mikilvægt er að nota fjölbreyttar aðferðir til þess að námsmatið nái til sem flestra þátta og gefi sem gleggsta mynd af stöðu nemenda. Þegar kennarar ákveða að taka upp nýjar aðferðir verða þeir að hafa í huga að nemendur þurfa líka aðlögunartíma og að læra á aðferðirnar. Aðferðirnar sem fjallað var um í kaflanum henta misvel eftir aldri og þroska nemenda.

## 4. *Birtingarform námsmats*

### 4.1. *Námsmat til nemenda, foreldra og forráðamanna*

Kennurum ber að miðla upplýsingum um námsárangur og stöðu nemenda til foreldra og forráðamanna reglulega. Þetta er gert á þar til gerðum vitnisburðarblöðum og einkunnablöðum. Mat þetta verða foreldrar að fá árlega í það minnsta. Á fyrstu árum nemenda í grunnskóla er lögð áhersla á að munnleg skil fylgi skriflegum vitnisburði (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2006:18).

Skólastjórnendur geta útfært almenn og fagbundin markmið Aðalnámskrár grunnskólanna (2006) á þann hátt að þau falli sem best að þeirri stefnu og kennsluháttum sem skólinn þeirra aðhyllist (Aðalnámskrá grunnskólanna: Almennur hluti 2006:12). Skólastjórnendur hafa mikið um það að segja hvernig birtingu námsmats er háttað í skólum, það getur verið í formi tölueinkunnar, bókstafa og/eða umsagnar (Trice 2000:7).

Í skólum þar sem áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða kennsluhætti þarf líka að gera breytingar á því hvernig lokamati er komið til skila. Á stöðluðu einkunnablaði þar sem gert er ráð fyrir því að gefin sé ein einkunn er ekki möguleiki fyrir kennara að koma til skila framförum hvers og eins einstaklings og kynna leiðir sem hjálpa þeim að ná þeim markmiðum sem lagt var upp með fyrir hvern og einn nemanda (Tomlinson 2001:93).

Áður en breytingar eru gerðar á hefðbundnu námsmati er mikilvægt að kennarar útskýri breytingarnar vel fyrir nemendum, foreldrum og forráðamönnum. Allir verða að gera sér grein fyrir því að nýtt kerfi miðar að því að meta

einstaklinginn á hans forsendum og hvernig honum gengur að ná settum markmiðum, þ.e. markviðmiðað námsmat. En mat á því hvernig einstaklingurinn stendur sig miðað við aðra nemendur í árganginum, þ.e. hópviðmiðun í námsmati, vikur (Tomlinson 2001:93).

## *4.2. Námsmat fyrir kennara, skólastjórnendur og framhaldsskóla*

Námsmatið hefur einnig víðtækari tilgang en að leiðbeina nemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra um námsafrakstur nemenda.

Námsmat á að veita nemendum og foreldrum og forráðamönnum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms. (Aðalnámskrá Grunnskólanna: Almennur hluti 2006: 16)

Samræmt próf eru haldin í 4. og 7. bekk í íslensku og stærðfræði. Við lok 10. bekkjar eru samræmd próf í nokkrum námsgreinum. Starfsmenn skóla og fræðsluyfirvöld nota niðurstöður samræmdra prófa til að fá upplýsingar um viðmiðanir á landsvísu. Skólar horfa til þessa þegar þeir skipuleggja starf sitt og skipuleggja kennslu við hæfi hvers og eins nemenda. Einnig hafa skólastjórnendur niðurstöðurnar til hliðsjónar við innra mat stofnanna (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2006:18)

Þegar nemendur ljúka grunnskólanámi liggja leiðir flestra þeirra í framhaldsskóla. Til að komast inn á ákveðnar námsbrautir er krafist lágmarksárangurs í lykilgreinum hennar. Inntökuskilyrði í framhaldsskóla miðast við

---

námsárangur í samræmdum prófum og skólaprófum. Við mat á umsóknum er reiknað meðaltal af þessu tvennu (Aðalnámskrá framhaldsskóla 2004:24).

### 4.3. *Umsagnir*

Hugmyndin á bak við umsagnir er að kennarinn lýsi vinnu nemanda á gagnlegan hátt fyrir hann sjálfan, foreldra, forráðamenn og í sumum tilfellum kennara sem tekur við nemandanum næsta tímabil, frekar en að setja einungis á hann bókstaf eða tölu. Bókstafur eða tala sem einkunn er ekki nógu lýsandi fyrir námsárangur, segir einungis til um hlutfall af náðum markmiðum. Slík einkunn segir ekki í hverju nemandinn þarf að bæta sig né í hverju hann stendur sig vel. En það gerir vel unnin umsögn. Í góðri umsögn kemur fram, hverjar framfarir nemanda eru, styrkleikar hans og veikleikar, nálgun og áhugi nemandans á viðfangsefninu og leiðbeiningar um hvernig hægt er að vinna með honum til þess að hann geti bætt sig (Trice 2007:136).

Við vitum að samhengi er á milli frammistöðu í námi annars vegar og hegðunar og mætingar hins vegar. Nemendur þurfa að læra að tengja saman öguð vinnubrögð og betri árangur í námi. Þess vegna er mikilvægt að nemendur fái tilsögn og leiðbeiningar í umsagnarformi um það sem vel er gert og það sem betur má fara í námsmati, hvort sem um ræðir lokamat eða annað námsmat með skólafarfinu (Wormeli 2006:109-110).

Gott er að nota gátlista eða marklista yfir kennslutímabilið þar sem kennari merkir við námsmarkmið sem eiga við framvindu náms og ástundun hjá nemendum og nota hann svo til þess að setja saman lýsandi umsögn um framfarir á tímabilinu (Trice 2007:139).

Í lok tímabils, annar eða skólaárs, fá nemendur vitnisburð eða einkunnablað, þar er að finna upplýsingar um stöðu nemenda í náminu við lok tímabilsins. Yfir námstímabilið hefur kennarinn leiðbeint nemendum í þeim tilgangi að þeim fari fram í náminu, mikilvægt er að þessar upplýsingar komist til skila til nemenda og foreldra með umsögn um frammistöðuna (Rowntree 1977:181).

#### *4.4. Tíllaga að stafaeinkunn*

Margar aðferðir eru til við að koma upplýsingum á vitnisburðarblaði til foreldra og forráðamanna um námsárangur nemenda. Tölur, bókstafir og orð sem eru skilgreind á ákveðnum skala eru algengust, stundum fylgja umsagnir með þar sem komið er inn á þá þætti sem nemandi hefur náð tökum á og hvað það er sem vinna þarf betur með. Einnig fylgja oft leiðbeiningar um hvernig hægt sé að vinna meira með þá þætti sem viðkomandi hafði ekki náð tökum á.

Í námsmati þar sem hefðbundin bókstafaeinkunn er notuð er gefið í A,B,C,D,E eða F eftir frammistöðu einstaklingsins. Þar sem A þýðir framúrskarandi árangur, B þýðir góð frammistaðs og svo framvegis. Meira lýsandi væri að bæta við tölustöfum sem gæfu til kynna vinnuframlag og ástundun nemenda. 1 þýðir að nemandi leggur sig mikið fram, 2 þýðir gerir sitt besta og 3 vinnur undir getu. Nemandi sem fær C1 hefur þá ekki náð öllum markmiðum sem upp var lagt með en gerir alltaf sitt besta til að ná þeim (Tomlinson 2001:94).

#### *4.5. Af hverju að gefa einkunn?*

Að meta aðra og verk annarra er alltaf erfitt og tekur bæði andlega og tilfinningalega á. Kennarar nefna nokkrar ástæður fyrir einkunnagjöf: að meta framfarir nemenda, gefa endurgjöf og til að meta þær náms- og kennsluáðferðir sem notaðar eru. Þetta eru allt góðar, nauðsynlegar og verðugar ástæður. Aðrar ástæður sem kennarar nefna fyrir einkunnagjöf eru að hvetja nemendur, refsa þeim og flokka þá. Þetta eru ekki góðar ástæður fyrir einkunnagjöf. Það er meira uppbyggjandi og leiðbeinandi að gefa umsögn í stað þess að setja nemendur í skala og meta vinnu þeirra í tölulegri einkunn.

---

Nefna þarf þá þætti sem eru í lagi og svo þau markmið sem ekki hafa náðst og þarf að vinna meira með (Wormeli 2006:102-104).

Skólum er frjálst að ákveða sjálfir með hvaða hætti niðurstöður námsmats skólans eru birtar nemendum og foreldrum og forráðamönnum þeirra (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 1999:18).

Í raunveruleikanum eru fá dæmi um það að vinna fólks sé metin til einkunnar nema í skólum. Oft er gefin endurgjöf (feedback) á vinnu, rætt er um það sem vel er gert og það sem betur má fara, þannig að fólk geti bætt sig. Af hverju er það ekki líka þannig í skólum? Einkunnir hafa enga merkingu einar og sér, umsögn þarf að útskýra nánar það er sem vel var gert og hverju nemandinn getur bætt sig í til að takast á við áframhaldandi nám og lífið (Littky 2002:154).

Tölustafur eða bókstafur í einkunn segir ekki mikið um stöðu nemenda í lokamati, einungis hversu mörg prósent af markmiðum náðust. Umsögn hlýtur alltaf að þurfa að fylgja til þess að nemendur, foreldrar/forráðamenn sjái hvað það er sem nemandinn þarf að bæta sig í, einnig þurfa þeir að fá leiðbeiningar um leiðir til að nálgast þessi markmið. Umsagnir þar sem fram kemur hvaða markmiðum nemandinn náði og hvað uppá vantar er miklu faglegra og manneskjulegra námsmat. Einkunnagjöf er svo rótgróin í samfélaginu að það tekur tíma að snúa þessari þróun. Með einstaklingsmiðun í námi verðum við að horfa á hvern og einn einstakling út frá getu hans og forsendum. Aðalatriðið er ekki hvernig nemandinn stendur miðað við aðra nemendur, heldur á námsmat að miðast við framfarir hvers og eins og hvort markmið náðust sem lagt var upp með. (Littky 2004:156).

#### 4.6. *Samantekt*

Kennari getur afhent mjög vandaða og góða umsögn sem er jafnframt mjög lýsandi fyrir stöðu nemanda í námi en flestir foreldrar vilja fá tölu eða bókstaf til að sjá hvar nemandinn stendur miðað við aðra. Hefðir samfélagsins eru sterkar, lengi hefur tíðkast að nemendur fái einkunn sem segir til um stöðu miðað við aðra nemendur í árganginum, í bekknum eða á landsvísu eins og birt er í samræmdum prófum. Það eru svo margir þættir sem skipta máli í skólastarfinu aðrir en þekking og kunnátta í íslensku og stærðfræði, svo eitthvað sé nefnt. Þar má nefna þætti eins og að efla sjálfstraust nemenda, umburðarlyndi og samvinnu. Það getur ekki verið hvetjandi fyrir nemanda að fá alltaf 4 í einkunn. Viðkomandi hlýtur að fá það á tilfinninguna að þetta liggi ekki fyrir honum og gefst upp. Einkunn getur ekki staðið ein og sér, upp á 4. Nauðsynlegt er að umsögn fylgi með einkunn sem kemur inn á þá þætti sem nemandinn ræður við, og leiðbeiningar um þá þætti sem upp á vantar.

Tvö viðmið eru við einkunnagjöf í grunnskólum. Í fyrsta lagi að meta einstaklinginn sjálfan, framfarir hans, ástundun og árangur miðað við hans forsendur og í öðru lagi samanburður á nemendum innan skólans eða á landsvísu. Báðar aðferðirnar eru nauðsynlegar á sinn hátt og þær hjálpa nemendum að byggja upp raunhæft sjálfsmat (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2006:16).

Þegar upp er staðið held ég að fjölbreytni sé heillavænlegust í skólastarfinu hvort sem um ræðir kennsluáðferðir eða námsmat. Fjölbreytni tryggir best að kennurum takist að ná til flestra nemenda þar sem börn eiga stundum það eitt sameiginlegt að vera börn (Tomlinson 2001:1).

## *Lokaorð*

Enginn veit hvernig framtíðarsamfélagið kemur til með að líta út og hvernig best er að búa nemendur undir framtíðina. Aukin áhersla í atvinnulífinu á samskiptahæfni, frumkvæði og sköpunargáfu kallar á fjölbreyttara mat í skólum, með minni áherslu á bóklegar greinar. Við viljum rækta með nemendum góða eiginleika sem gerir þeim kleift að taka virkan þátt í samfélaginu í framtíðinni auk þess að kenna þeim að lesa, skrifa og reikna svo eitthvað sé nefnt. Ég tel að þessum þáttum gerum við best skil með því að nota fjölbreyttar og uppbyggjandi námsmatsaðferðir í skólum. Einnig að gefa nemendum tækifæri á að vinna fjölbreytt verkefni og á margskonar hátt. Nemendur þurfa að læra að vinna einstaklingslega og með öðrum. Námsmátið verður að vera leiðbeinandi fyrir nemandann, foreldra og forráðamenn þ.e.a.s. það verður að vera skýrt hvað varðar þau atriði sem nemandinn hefur náð tökum á og hvað þarf að vinna betur með. Þetta er grundvallaratriði. Auk þess sem það er ekki hvetjandi að fá lága einkunn, betra væri að fá lýsandi umsögn og leiðbeiningar um það sem betur má fara. Ég tel að fjölbreytni sé lykilatriðið þegar kemur að námsmáti í skólum. Þegar notaðar eru fjölbreyttar aðferðir sem taka til sem flestra þátta, þá verður námsmátið réttlátt og gefur eins greinagóða mynd og hægt er af stöðu nemanda í öllum þeim þáttum sem metnir eru í skólastarfi.

---

Guðrún Gunnarsdóttir



## Heimildaskrá

### Bækur, rit og greinar

*Aðalnámskrá Grunnskólanna: Almennur hluti.* (2006). Reykjavík:

Menntamálaráðuneytið.

*Aðalnámskrá Framhaldsskólanna: Almennur hluti.* (2004). Reykjavík:

Menntamálaráðuneytið.

Armstrong, Thomas (2000). *Fjölgreindir í skólastofunni.* [Þýð:Erla Kristjánsdóttir].

Reykjavík: JPV útgáfa.

Árdís Ívarsdóttir, Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir (2005) *Fagleg  
kennsla í fyrirrúmi.* Reykjavík.

Bryndís Gunnarsdóttir, Kristín G. Andrésdóttir og Rannveig A. Jóhannsdóttir (1993).

*LTG: að tala og lesa. Lestur mál. Ritröð Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar.*

Reykjavík. Iðunn.

Clarke, Shirley (2005). *Formative Assessment in the Secondary Classroom.*

Manchester: Hodder Murray.

Gronlund, Norman E. (2003). *Assessment of Student Achievement.* (Seventh edition).

USA: Allyn and Bacon..

Ingvar Sigurgeirsson (1999). *Að mörgu er að hyggja.* Reykjavík. Æskan.

Littky, Dennis with Grabelle, Samantha. (2002). *The big picture, Education is Everyone's business*. Alexandria. Virginia. USA: Association for Supervision and Curriculum Development

Moyles, Janet og Robinson, Gillian (2002). *Beginning Teaching: Beginning Learning in Primary Education*. (Second Edition). Philadelphia USA: Open University Press

Salinger, T. (2003) Assessing the Literacy of Young Children: The Case for Multiple Forms of Evidence in Handbook of Early Literacy Research (ritstj. Susan B. Neuman og David K. Dickinson). New York. Guilford Press.

Tomlinson, Carol Ann, McTighe, Jay (2006). *Integrating. Differentiated instruction. Understanding by design*. Virginia. USA: Association for Supervision and Curriculum Development. Alexandria.

Tomlinson, Carol Ann (2001). *How to Differentiate Instruction in Mixed – Ability Classrooms*. Virginia. USA: Association for Supervision and Curriculum Development Alexandria.

Trice, Ashton D. (2000). *A Handbook of Classroom assessment*. USA: Longman.

Wormeli, Rick (2006). *Fair isn't Always Equal. Assessing & Grading in the Differentiated Classroom*. Portland. Maine: Stenhouse Publishers.

## *Rafrænar heimildir*

Ingvar Sigurgeirsson (júli 1998). *Námsmat byggt á traustum heimildum...* úr afmælisriti til heiðurs dr. Þuríði J. Kristjánsdóttur fv. prófessor við Kennaraháskóla Íslands. Skoðað/sótt 22. apríl 2007: <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsmat/thkrist.htm>

Ingvar Sigurgeirsson. *Skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms*. Skoðað/sótt (á heimasíðu Ingvars Sigurgeirssonar) 23. apríl 2007. <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namskeid/fraedslumidstod/vefur/skilgreiningar.htm>

Rowntree, Derek. *Institute of Educational Technology. Designing an assessment system*. Skoðað/sótt 22. apríl 2007: <http://iet.open.ac.uk/pp/D.G.F.Rowntree/Assessment.html>

Wilson, Leslie Owen (2005). *Wilson's Curriculum Pages. What is curriculum and what are the types of curriculum?* Skoðað/sótt 20. maí 2007: <http://www.uwsp.edu/education/lwilson/curric/curtyp.htm#null>

## *Fylgiskjöl*

Fylgiskjali númer 1, einkunnaskjal, mat á framsögn nemenda á sýningu.

Fylgiskjal númer 2, ritun í yngri barna kennslu

Fylgiskjal númer 3, gátlisti - skólafærni

Fylgiskjal númer 4, sjálfsmat fyrir yngri barna kennslu,- mat á vinnuviku

Fylgiskjal númer 5, jafningamat.